

Viðhorf kennara í grunnskólum Akureyrar til skólastarfs 2007–2008

Guðmundur Engilbertsson
Trausti Þorsteinsson



Akureyri
Maí 2009

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Aðdragandi könnunar og framkvæmd	5
3. Niðurstöður	6
4. Samantekt og umræða	16
5. Lokaorð	21

Töflur

Tafla 1: Þátttakendur í könnuninni.....	6
Tafla 2: Skólinn sem vinnustaður kennara.....	6
Tafla 3: Viðhorf kennara til starfsaðstæðna nemenda í skóla.....	7
Tafla 4: Stjórnun í skóla.....	8
Tafla 5: Faglegt starf.....	8
Tafla 6: Meðferð mála.....	9
Tafla 7: Viðhorf kennara til starfsaðstæðna í skóla.....	9
Tafla 8: Endurmenntun kennara.....	10
Tafla 9: Innri stuðningur og sjálfsmat.....	10
Tafla 10: Sérfræðipjónusta skóla.....	11
Tafla 11: Skólastefna sveitarfélagsins.....	12
Tafla 12: Samskipti við foreldra.....	12
Tafla 13: Kennsluhættir og kennsla.....	13
Tafla 14: Einelti hjá kennurum.....	13
Tafla 15: Hrós sem starfshvatning.....	14
Tafla 16: Líðan í starfi.....	14
Tafla 17: Vinnuaðstaða í skólum.....	17

Myndir

Mynd 1: Heildarniðurstöður úr einstaka þáttum.....	16
Mynd 2: Hlutfall þeirra sem eru ósammála fullyrðingum í einstöku þáttum 2006 og 2008....	18
Mynd 3: Hlutfall þeirra sem eru sammála fullyrðingum í einstöku þáttum 2006 og 2008.....	19
Mynd 4: Afstaða kennara varðandi einelti, hrós og eigin líðan árin 2006 og 2008.....	20

Meginniðurstöður

- Almennt virðast kennarar hafa jákvæða afstöðu til þátta er vísa beint til þeirra sjálfra, s.s. skóli sem vinnustaður, nemendur, faglegt starf, samskipti við foreldra og kennsluhættir. Í öllum þessum þáttum eru yfir 80% og allt upp í 95% kennara er svöruðu spurningalistanum jákvæðir. Hins vegar þegar fullyrðingar í spurningalista vísa til þátta sem frekar eru á ábyrgð eða valdi annarra en kennara sjálfra, s.s. stjórnunar, vinnuaðstöðu, innri stuðnings og stoðþjónustu er afstaða þeirra ekki eins jákvæð.
- Kennarar telja að aðstæður nemenda til náms og starfs í skólunum séu almennt góðar, viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt og líðan þeirra í skólunum sé góð enda að þeirra mati áhersla lögð á jákvæð samskipti nemenda og kennara.
- Fimmti hver kennari er ósammála því að kennarar í skólunum axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum og þeir séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans.
- Fjórði hver kennari er ósammála því að námsmetnaður nemenda sé mikill.
- Ákveðinnar óánægju virðist gæta í skólunum með þætti er varða stjórnun grunnskólanna.
- Kennarar telja kennara hafa mikinn áhuga á nýjungum og þróun starfshátta og að þeir beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum. Meiri efasemda virðist gæta gagnvart námsmáti.
- Fast að helmingur kennara kveðst ósammála því að bæjarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla. Þriðjungur þeirra er óánægður með vinnuaðstöðu sína í skólunum og stór hópur er ósammála því að húsnaði skólanna henti vel til starfsemi þeirra.
- Fjórði hver kennari kveðst ekki sammála því að þeir eigi kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þurfi að halda.
- Liðlega helmingur kennara er sammála því að vel hafi tekist til við að innleiða aðferðir til sjálfsmats.
- Kennarar virðast ekki þeirrar skoðunar að sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.
- Kennarar virðast ekki vel upplýstir um það hvaða sérfræðiþjónustu má sækja til skólaleyms fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og Skólapróunarsviðs HA.
- Sjötti hver kennari er sammála því að þörf sé á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafaþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum.
- Kennarar telja sig þekkja vel til skólafélag Akureyrarbæjar en fjórði hver kennari segist ósammála því að hún sé höfð að leiðarljósi við skipulag skólafélags.
- Kennarar virðast almennt ánægðir með samskipti við foreldra. Fjórði og fimmti hver kennari er hins vegar ósammála því að aukin þátttaka foreldra í skólafélag myndi hraða umbótum í grunnskólum og því að þeir vildu sjá meiri þátttöku foreldra í skólafélaginu.
- Þeir kennarar sem telja sig hafa orðið fyrir einelti segja það helst af hálfu samkennara þótt hitt virðist líka til að kennarar upplifi einelti af hálfu stjórnanda eða foreldri.
- Kennarar virðast duglegir við að hvetja hvern annan og umbuna með hrósi.
- Stór hópur kennara kveðst hafa fundið til vanmáttarkenndar í starfi og kveðst hafa leitt hugann að því að skipta um starf eða starfsvettvang.

1. Inngangur

Könnun á viðhorfi kennara í grunnskólum á Akureyri árið 2008 var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Megintilgangur könnunarinnar er að fá fram viðhorf kennara í grunnskólum bæjarfélagsins til starfs og starfsaðstæðna í skólunum í því skyni að vinna að og hvetja til þróunar og umbóta í starfi skólanna. Þetta er í þriðja skiptið sem slík könnun er gerð í samvinnu þessara aðila. Í skýrslu þessari eru kynntar meginniðurstöður könnunarinnar en þær ekki greindar niður á einstaka skóla. Niðurstöður úr svörum kennara einstakra skóla eru þó aðgengilegar fyrir skólana eftir því sem þeir óska.

Spurningalistar voru lagðir fyrir kennara í lok skólaárs 2007–2008 og annaðist skóladeild fyrirlögnina. Að þessu sinni var spurningalisti vefrænn og fékk hver kennari aðgangsnúmer til að svara honum. Í bæjarfélaginu starfa 8 grunnskólar og var óskað eftir því við alla kennara skólanna að svara listanum.

Í skýrslu þessari eru kynntar megin niðurstöður úr könnuninni. Vonast er til að þær geti orðið gagnlegar í þróunar- og umbótastarfi skólamála í bæjarfélaginu.

2. Aðdragandi könnunar og framkvæmd

Í samræmi við áherslur sem settar eru fram í skólastefnu Akureyrar hefur skólanefnd Akureyrarbæjar haft frumkvæði að gerð viðhorfskannana í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Viðhorfskönnun hjá starfsfólki í grunnskólum á Akureyri var gerð skólaárið 2003–2004 og viðhorfskönnun var gerð hjá kennurum í grunnskólum á Akureyri skólaárið 2005–2006 og nú aftur skólaárið 2007–2008. Þó kannanirnar hafi tekið breytingum hverju sinni hafa þær þó að meginhluta verið hliðstæðar svo unnt sé að greina viðhorfsbreytingar.

Markmið könnunarinnar er að fá fram viðhorf starfsfólks grunnskóla til náms og starfs í grunnskólum bæjarins. Eftirfarandi spurning var lögð til grundvallar: *Hvaða viðhorf hafa kennarar og leiðbeinendur til náms- og starfsaðstæðna í grunnskólum bæjarins?*

Í samvinnu skóladeildar og Skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA var spurningalisti sem lagður var fyrir skólaárið 2005–2006 endurskoðaður. Spurningar sem gáfu ekki nægilega skýr svör voru endurskoðaðar, nýjum spurningum var bætt við og öðrum sleppt. Alls voru spurningar listans 67 talsins. Eins og áður var listinn að stærstum hluta byggður á fullyrðinga-spurningum sem svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til með því að tilgreina á fjögurra stiga kvarða hversu sammála þeir væru fullyrðingunum, mjög eða frekar sammála eða frekar eða mjög ósammála (sjá fylgiskjal). Auk þess voru 10 spurningar þar sem svarendur voru beðnir um að svara með því að merkja við á þriggja stiga kvarða hversu oft atburðurinn hefði komið fyrir, oft, komið fyrir eða aldrei. Í lok listans var svarendum síðan boðið að skrifa upplýsingar sem hann vildi koma á framfæri við rannsakanda.

Til að auðvelda framkvæmd og úrvinnslu var könnunin gerð rafræn. Spurningalistinn var settur upp í vefforritinu *SurveyMonkey* og kennarar beðnir um að svara listanum í tölvu á tímabilinu apríl–júní 2008. Hver skóli sá um framkvæmd könnunarinnar á sínum vettvangi en skóladeild annaðist samantekt svara af vefnum. Er niðurstöður lágu fyrir voru þær færðar inn í tölfraðiforritið SPSS og unnar lýsandi upplýsingar úr þeim. Þar sem þýðið, kennarar og leiðbeinendur við grunnskóla Akureyrarbæjar, er tiltölulega fámennt var ákveðið að hafa grunnbreytur fáar til að tryggja að ekki væri hægt að rekja svör til einstaklinga en sú gagnrýni hafði verið gerð á fyrri kannanir. Þar af leiðandi var ekki leitað eftir upplýsingum um hvers kyns svarandi spurningalista væri né upplýsinga aflað um starfsaldur eða lífaldur viðkomandi eins og gert var árið 2006. Hægt er þó að greina svör eftir skólum bæjarfélagsins og í þessari skýrslu er tekið fram ef svörunin er marktækt breytileg eftir skólum án þess þó að fara í samanburð á skólum. Þegar viðhorf til þátta skólastarfs eru mjög breytileg eftir skólum er þó ástæða til að rýna frekar í það með umbætur að leiðarljósi.

3. Niðurstöður

Þátttaka í könnun

Rúmlega 180 kennarar svöruðu spurningunum en miðað við stærð skóla og tölur um þátttöku er greinilegt að svörun var misjöfn í skólunum hverju sem sætir (Tafla 1).

Tafla 1: Þátttakendur í könnuninni.

	Fjöldi kennara	Tíðni	Svarhlutfall %	Tíðni svara af heild %
Brekkuskóli	54	33	60,1	18,2%
Glerárskóli	44	24	54,5	13,3%
Oddeyrarskóli	30	21	70,0	11,6%
Lundarskóli	57	29	50,9	16,0%
Síðuskóli	43	24	55,8	13,3%
Giljaskóli	50	39	78,0	21,5%
Hlíðarskóli	8	8	100,0	4,4%
Grsk. Hríseyjar	4	3	75,0	1,7%
<i>Svara ekki</i>		3		1,7%
Alls sem svara	290	181	62,4	

Mest þátttaka er meðal kennara Hlíðarskóla, Giljaskóla, Grunnskóla Hríseyjar og Oddeyrarskóla en allir hafa þeir yfir 70% þátttöku. Aðrir skólar eru með á bilinu 50–60% þátttöku. Í heild er þátttaka í könnuninni dræm, aðeins liðlega 60% kennara í heildarþýðinu taka þátt.

3.1 Skólinn sem vinnustaður

Í spurningalista var leitað upplýsinga um viðhorf kennara til skólans sem vinnustaðar. Spurt var um ánægju með skólann sem vinnustað, starfsanda í skólanum, samskipti skólastjóra og starfsmanna, samstarf kennara á milli, traust á milli samstarfsmanna og hvort samskipti í skólanum væru opin og hispurlaus (Tafla 2).

Tafla 2: Skólinn sem vinnustaður kennara.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Ánægja með skólann sem vinnustað.</i>	182	1,1%	37,0%	52,7%	7,6%	1,6%
<i>Góður starfsandi er í skólanum.</i>	180	2,2%	29,3%	52,7%	12,0%	3,8%
<i>Samskipti skólastjóra og starfsmanna eru góð.</i>	179	2,7%	26,1%	51,6%	15,8%	3,8%
<i>Samstarf milli kennara er gott.</i>	182	1,1%	39,1%	54,9%	4,3%	0,5%
<i>Það ríkir traust á milli þín og samstarfsmanna þinna.</i>	180	2,2%	46,2%	44,6%	6,5%	0,5%
<i>Samskipti í skólanum eru opin og hispurlaus.</i>	175	4,9%	19,6%	53,3%	19,0%	3,3%
<i>Meðaltal:</i>		2,4%	32,9%	51,6%	10,9%	2,3%

Mikil ánægja virðist meðal kennara með skólann sinn sem vinnustað. Niðurstöður gefa til kynna að samstarf milli kennara sé gott, góður starfsandi ríki í skólanum og það ríki gott traust milli kennara. Tæpur fjórðungur kennara er hins vegar ekki sammála því að samskipti í skólanum séu opin og hispurlaus. Um fimmti hver kennari segist ósammála því að samskipti við skólastjóra séu góð.

3.2. Aðstæður nemenda og uppfræðsla

Í könnuninni voru svarendur beðnir um að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingum er vörðuðu aðstæður nemenda til náms og starfs í skólanum, líðan þeirra, viðhorf til skólans og námsmetnað. (Tafla 3).

Tafla 3: Viðhorf kennara til starfsaðstæðna nemenda í skóla.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Skólinn er góður vinnustaður nemenda.</i>	182	1,1%	39,1%	56,0%	2,7%	1,1%
<i>Mikil áhersla á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda.</i>	178	3,3%	51,1%	40,8%	3,8%	1,1%
<i>Kennarar skólans axla sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum.</i>	174	5,4%	23,4%	50,5%	16,8%	3,8%
<i>Nemendur eru hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans.</i>	177	3,8%	23,4%	54,9%	14,7%	3,3%
<i>Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.</i>	179	2,7%	47,3%	44,6%	3,8%	1,6%
<i>Kennarinn þekkir einstaklingsbundnar þarfir allra nemenda sinna.</i>	177	3,8%	32,6%	52,7%	10,3%	0,5%
<i>Líðan nemenda í skólanum er góð.</i>	178	3,3%	31,0%	63,6%	1,6%	0,5%
<i>Viðhorf nemenda til skólans er jákvætt.</i>	174	5,4%	27,2%	64,1%	2,2%	1,1%
<i>Námsmetnaður nemenda er mikill.</i>	172	6,5%	3,8%	64,1%	22,8%	2,7%
		3,9%	31,0%	54,6%	8,7%	1,7%

Í heild lýsa kennarar sig sammála þeim fullyrðingum sem fram eru settar í þessum þætti. Yfir 95% svarenda er sammála þeirri fullyrðingu að skólinn sé góður vinnustaður nemenda, að mikil áhersla sé lögð á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda, að skólinn leggi mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi, að líðan nemenda í skólanum sé góð og að viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt. Þá eru líðlega 85% svarenda sammála því að kennarinn þekki einstaklingsbundnar þarfir allra nemenda sinna. Um og yfir 20% kennara eru hins vegar ósammála því að kennarar skólans axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum og að nemendur séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans. Þá eru um 25% kennara ósammála því að námsmetnaður nemenda sé mikill meðan 68% segist því sammála.

3.3. Stjórnun

Leitað var upplýsinga um viðhorf kennara til atriða er vörðuðu stjórnun grunnskólans og þátttöku kennara í stjórnunarathöfnum. Kennarar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála þeir væru því að tíminn á kennara- eða starfsmannafundum væri nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf, að kennarar væru virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna, að álitamál um stefnu og starfs skólans væru rædd opinskátt, að skólastjórnendur veiti starfinu markvissa forystu, að þekking kennara og reynsla sé nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfs og að kennarar eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið (Tafla 4).

Tafla 4: Stjórnun í skóla.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Tíminn á kennara- /starfsmannafundum er nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf.</i>	178	3,3%	12,0%	52,2%	22,3%	10,3%
<i>Kennarar eru virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna.</i>	182	1,1%	22,8%	51,6%	22,3%	2,2%
<i>Álitamál um stefnu og starf skólans eru rædd opinskátt.</i>	173	6,0%	16,3%	48,9%	22,3%	6,5%
<i>Skólastjórnendur veita starfinu markvissa forystu.</i>	178	3,3%	16,3%	48,4%	21,7%	10,3%
<i>Þekking kennara og reynsla er nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfs.</i>	179	2,7%	12,5%	52,2%	26,1%	6,5%
<i>Kennarar eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið.</i>	179	2,7%	5,4%	38,6%	44,6%	8,7%
		3,2%	14,2%	48,6%	26,6%	7,4%

Að meðaltali lýstu 62,8% kennara sig sammála þeim fullyrðingum er vörðuðu stjórnun skólanna en þriðjungur þeirra var ósammála þeim. Um 75% kennara kváðust sammála því að þeir væru virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna og 65% voru sammála því að álitamál um starf og stefnu skólanna væru rædd opinskátt. Það vekur hins vegar athygli að um þriðjungur kennara er ósammála því að tími á kennarafundum sé nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf, að álitamál um stefnu og starf skólans séu rædd opinskátt, að skólastjórnendur veiti starfinu markvissa forystu og að þekking kennara og reynsla sé nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfs. Þá er yfir helmingur kennara ósammála því að kennarar eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið.

3.4. Faglegt starf

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir um viðhorf til framkvæmdar starfs í skólunum. Spurt var um hvort kennarar hefðu mikinn áhuga á nýjungum og þróun starfshátta, hvort kennarar beittu fjölbreyttum kennsluaðferðum, hvort námsmat væri fjölbreytt og hvort kennarar ynnu með niðurstöður þess til umbóta í kennslu (Tafla 5).

Tafla 5: Faglegt starf.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Kennarar hafa mikinn áhuga á nýjungum og þróun starfshátta.</i>	180	2,2%	39,7%	50,5%	7,1%	0,5%
<i>Kennarar í skólanum beita fjölbreyttum kennsluaðferðum.</i>	178	3,3%	35,9%	52,2%	6,5%	2,2%
<i>Námsmat í skólunum er fjölbreytt.</i>	174	5,4%	23,4%	51,6%	17,4%	2,2%
<i>Kennarar vinna með niðurstöður námsmats til umbóta í kennslu.</i>	169	8,2%	19,0%	58,7%	13,0%	1,1%
		4,8%	29,5%	53,3%	11,0%	1,5%

Í heild virðist viðhorf kennara til þessara atriða mjög jákvætt. Um og yfir 90% kennara telja að kennarar hafi mikinn áhuga á nýjungum og þróun starfshátta og að þeir beiti fjöl-

breyttum kennsluaðferðum. Um 75% kennara er þeirrar skoðunar að námsmat í skólunum sé fjölbreytt en tæp 20% er því ósammála. 78% segja að kennarar vinni með niðurstöður námsmats til umbóta í kennslu en um 15% er því ósammála.

3.5. Meðferð mála

Leitað var upplýsinga hjá kennurum um viðhorf þeirra til þess hvernig tekið væri á málum í skólum og hvernig farið væri með trúnaðarupplýsingar (Tafla 6).

Tafla 6: Meðferð mála.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Tekið er á málum af festu í skólunum.</i>	177	3,8%	11,4%	49,5%	29,9%	5,4%
<i>Í skólunum er sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.</i>	178	3,3%	46,2%	41,3%	6,5%	2,7%
		3,6%	28,8%	45,4%	18,2%	4,1%

87,5% kennara telja að í skólunum sé sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga. Hins vegar er liðlega þriðjungur þeirrar skoðunar að ekki sé tekið á málum af festu í skólunum.

3.6. Vinnuaðstaða kennara

Spurt var um viðhorf til vinnuaðstöðu kennara. Leitað var eftir afstöðu til þess hvort húsnæði skólanna hentaði vel starfsemi þeirra, hvort kennarar væru ánægðir með vinnuaðstöðu í skólunum, hvort kennarar hefðu aðgang að þeim tækjum og búnaði sem þeir þurfa að nota í kennslu, hvort sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla og hvort starfssvið kennara sé skýrt og vel afmarkað og markmið ljós (Tafla 7).

Tafla 7: Viðhorf kennara til starfsaðstæðna í skóla.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Húsnæði skólanna hentar vel starfsemi þeirra.</i>	174	5,4%	17,9%	48,4%	20,7%	7,6%
<i>Kennarar eru ánægðir með vinnuaðstöðu í skólunum.</i>	180	2,2%	18,5%	45,7%	25,0%	8,7%
<i>Kennarar hafa aðgang að þeim tækjum og búnaði sem þeir þurfa að nota í kennslu.</i>	180	2,2%	21,2%	54,3%	17,9%	4,3%
<i>Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.</i>	162	4,9%	11,4%	39,1%	32,1%	12,5%
<i>Starfssvið kennara er skýrt, vel afmarkað og markmið ljós.</i>	176	4,3%	27,7%	50,0%	15,2%	2,7%
		3,8%	19,3%	47,5%	22,2%	7,2%

67% kennara er sammála þeim fullyrðingum sem fram voru settar og vörðuðu starfsaðstæður þeirra í skóla. Um 80% kennara sem afstöðu tóku er sammála því að starfssvið þeirra sé skýrt og vel afmarkað og markmið ljós. Tæpur fimmtungur er hins vegar ósammála því. 75% kennara segir að þeir hafi aðgang að þeim tækjum og búnaði sem þeir þurfa að nota í kennslu og 66% svarar því að húsnæði skólanna henti vel starfsemi þeirra. Hins vegar er þriðjungur kennara ósammála því að kennarar séu ánægðir með vinnuaðstöðuna í skólunum

og liðlega helmingur kennara segist sammála því að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.

3.7. Endurmenntun kennara

Mikilvægur þáttur í hvers konar umbóta eða þróunarstarfi í skólum er endurmenntun kennara. Leitað var upplýsinga um hvort kennarar teldu sig fá næg tækifæri til endur- og símenntunar og hvernig endurmenntunarstefna skólans tæki tillit til óska kennara um endur og símenntun (Tafla 8).

Tafla 8: Endurmenntun kennara.

	Svara	Svara ekki	Hefur oft komið fyrir	Hefur komið fyrir	Hefur ekki komið fyrir
<i>Kennari fær næg tækifæri til endur- og símenntunar.</i>	170	7,6%	6,0%	61,4%	25,0%
<i>Endurmenntunarstefna skólans tekur tillit til óska kennara um endur- og símenntun.</i>	171	7,1%	15,8%	54,9%	22,3%
		7,4%	10,9%	58,2%	23,7%

Ákveðinnar óvissu virðist gæta meðal kennara um það hvort þeir fái næg tækifæri til endur- og símenntunar en 67% þeirra er afstöðu tóku sögðu það oft hafa komið fyrir eða hafa komið fyrir. Á sama hátt töldu liðlega 70% þeirra er afstöðu tóku að endurmenntunarstefna skólans tæki tillit til óska kennara um endur- og símenntun en 22% telja að það geri hún ekki. Athygli vekur að fjórðungur kennara sem þátt tóku telur sig ekki fá næg tækifæri til endur- og símenntunar

3.8. Innri stuðningur og sjálfsmat skóla

Í spurningalista var spurt um viðhorf kennara til þess hvort þeir ættu kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þurfi að halda og viðhorf þeirra til innleiðslu sjálfsmats (Tafla 9).

Tafla 9: Innri stuðningur og sjálfsmat.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Kennarar eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda.</i>	178	3,3%	19,0%	52,7%	17,4%	7,6%
<i>Vel hefur tekist til við að innleiða sjálfsmat skólans.</i>	165	10,3%	9,2%	44,0%	31,5%	4,9%
		6,8%	14,1%	48,4%	24,5%	6,3%

Yfir fjórðungur kennara kváðust ósammála því að þeir ættu kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda. Þegar svörin eru skoðuð betur kemur í ljós töluverður breytileiki milli skóla, þeir sem eru þessu ósammála eru á bilinu 5–35% eftir skólum. Liðlega helmingur kennara er svara spurningalista segjast ósammála því að vel hafi tekist til við að innleiða sjálfsmat skólans en yfir 10% kennara svaraði þeirri spurningu ekki. Breytileiki milli skóla í svörum er töluverður.

3.9. Utanaðkomandi þjónusta

Í grunnskólalögum er kveðið á um það að skólum skuli standa til boða sérfræðiþjónusta. Á Akureyri er þjónustan veitt úr tveimur áttum, frá skólateymi fjölskyldudeildar og frá Skólaþróunarviði Háskólans á Akureyri. Voru kennarar spurðir um það hversu sammála eða ósammála þeir væru því að sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við

óskum um aðstoð eða ráðgjöf, að kennarar þekki hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólateymis fjölskyldudeildar og til skólaþróunarviðs HA, að þjónusta sem skólateymi og skólaþróunarvið HA veita sé góð, og hversu sammála eða ósammála þér séu því að þörf sé á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum (Tafla 10).

Tafla 10: Sérfræðiþjónusta skóla.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregst fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.</i>	171	7,1%	5,4%	35,3%	35,9%	16,3%
<i>Kennarar þekkja hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólateymis fjölskyldudeildar.</i>	172	6,5%	15,8%	51,6%	22,8%	3,3%
<i>Kennarar þekkja hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólaþróunarviðs HA.</i>	173	6,0%	4,9%	43,5%	40,2%	5,4%
<i>Þjónusta skólateymis fjölskyldudeildar er góð.</i>	161	12,5%	4,9%	47,3%	28,8%	6,5%
<i>Þjónusta skólaþróunarviðs kennaradeildar HA er góð.</i>	151	17,9%	7,1%	54,9%	18,5%	1,6%
<i>Þörf er á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum.</i>	162	12,0%	17,4%	41,8%	22,8%	6,0%
		10,3%	9,3%	45,7%	28,2%	6,5%

Kennarar virðast ekki þeirrar skoðunar að sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf. Meiri hluti kennara eða 52% þeirra er þátt tóku kveðst ósammála því en 41% sammála. Breytileiki í svörum eftir skólum er mjög mikill sem þýðir að mikill meirihluti kennara í sumum skólanna er ósammála því að sérfræðiþjónustan bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf. 67% segist sammála því að kennarar þekki hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólateymis fjölskyldudeildar en rétt um helmingur segist sammála því að kennarar viti hvaða þjónustu megi sækja til Skólaþróunarviðs HA. Breytileiki í svörum milli skóla er ekki mikill hvað þjónustu skólateymis varðar en nokkur breytileiki er í svörum hvað varðar þjónustu skólaþróunarviðs. Líðlega helmingur kennara er svöruðu spurningalista er sammála því að þjónusta skólateymis sé góð en 13% tóku ekki afstöðu. Athygli vekur hve mikill breytileiki er í svörum milli skóla. 62% kennara er sammála því að þjónusta Skólaþróunarviðs HA sé góð en 18% tóku ekki afstöðu til fullyrðingarinnar. Blendin afstaða er meðal kennara til frumkvæðis frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu að nýbreytni og umbótum en 62% svarenda kvaðst sammála því að þörf væri á slíku en þriðjungur var því ósammála. Breytileiki svara eftir skólum er lítilsháttar hvað þennan lið varðar. Athygli vekur í þessum þætti könnunarinnar hversu margir kennarar svara ekki. Sérstaklega á þetta við um spurningar þar sem kennarar eru beðnir um að leggja mat á gæði stoðþjónustunnar. Um 13% kennara svara ekki til um gæði þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar og 18% svara ekki til um gæði þjónustu Skólaþróunarviðs.

3.10. Skólastefna sveitarfélags

Spurt var um skólastefnu Akureyrar, hvort kennarar þekktu vel til skólastefnunnar og hvort hún væri höfð að leiðarljósi við skipulag skólastarfs (Tafla 11).

Tafla 11: Skólastefna sveitarfélagsins.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Kennarar þekkja vel til skólastefnu Akureyrar.</i>	173	6,0%	22,8%	63,0%	6,0%	2,2%
<i>Skólastefnan er höfð að leiðarljósi við skipulag skólastarfs.</i>	163	9,8%	7,6%	55,4%	21,7%	5,4%
		7,9%	15,2%	59,2%	13,9%	3,8%

Almennt virtust kennarar telja að þeir þekktu vel til skólastefnunnar en yfir 85% þeirra er afstöðu tóku voru sammála því. Hins vegar eru svarendur ekki eins sammála því að skólastefnan sé höfð að leiðarljósi við skipulag skólastarfs en um 63% sem afstöðu tóku kváðust sammála því að svo væri en 27% voru ósammála. Breytileiki í svörum eftir skólum er lítil. Athygli vekur að 10% þátttakenda taka ekki afstöðu.

3.11. Tengsl við foreldra

Mikilvægur þáttur í skólastarfi eru samskipti við foreldra. Þátttakendur í könnuninni voru spurðir um hvort foreldrar sýndu samstarfi við skólann áhuga, hvort samstarfið við foreldra væri ánægjulegt, hvort kennarar vildu sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu, hvort aukin þátttaka foreldra í skólastarfi myndi hraða umbótum í grunnskólunum og hvort foreldrar treystu kennurum fyrir trúnaðarupplýsingum um börn sín (Tafla 12).

Tafla 12: Samskipti við foreldra.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Foreldrar sýna samstarfi við skólann áhuga.</i>	175	4,9%	12,5%	64,1%	16,3%	2,2%
<i>Samstarfið við foreldra er ánægjulegt.</i>	175	4,9%	35,3%	51,6%	7,1%	1,1%
<i>Kennarar vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu.</i>	176	4,3%	30,4%	44,6%	17,9%	2,7%
<i>Aukin þátttaka foreldra í skólastarfi myndi hraða umbótum í grunnskólum.</i>	173	6,0%	28,3%	40,8%	21,2%	3,8%
<i>Foreldrar treysta kennara fyrir trúnaðarupplýsingum um börn sín.</i>	178	3,3%	52,2%	40,8%	3,8%	0,0%
		4,7%	31,7%	48,4%	13,3%	2,0%

Í flestum atriðum eru kennarar jákvæðir til samskipta við foreldra. Flestir voru sammála því að samstarfið við foreldra væri ánægjulegt og að foreldrar treystu kennurum fyrir trúnaðarupplýsingum um börn sín. Um 77% kennara voru sammála því að foreldrar sýndu samstarfi við skólann áhuga og 75% kennara sögðust sammála því að þeir vildu sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu. Þá kváðust 69% kennara sammála því að aukin þátttaka foreldra í skólastarfinu myndi hraða umbótum í grunnskólum. Töluverður breytileiki er í svörum eftir skólum.

3.12. Kennsluhættir og kennsla

Í spurningalista voru nokkrar spurningar er lutu að kennsluháttum og starfi kennara. Spurt var um hvort kennarar væru alltaf vel undirbúnir fyrir kennslu, hvort kennarar sinntu nemendum sínum vel, hvort kennarar hlusti á nemendur og taki tillit til aðstæðna þeirra, hvort allt skólastarf snúist um árangur og velferð nemendanna, hvort starfskunnátta kennara sé góð,

hvort kennarar beri ábyrgð á að kennslan taki mið af áhuga, þroska og getu nemenda og að lokum hvort kennarar væru stundvísir (Tafla 13).

Tafla 13: Kennsluhættir og kennsla.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Kennarar eru alltaf vel undirbúnir fyrir kennslu.</i>	181	1,6%	34,2%	59,2%	3,8%	1,1%
<i>Kennarar sinna nemendum sínum vel.</i>	181	1,6%	52,7%	44,0%	1,6%	0,0%
<i>Kennarar hlusta á nemendur og taka tillit til aðstæðna þeirra.</i>	179	2,7%	61,4%	35,3%	0,5%	0,0%
<i>Allt skólastarf snýst um árangur og velferð nemendanna.</i>	177	3,8%	52,2%	39,1%	4,9%	0,0%
<i>Starfskunnátta kennara er góð.</i>	179	2,7%	54,3%	42,9%	0,0%	0,0%
<i>Kennarar bera ábyrgð á að kennslan taki mið af áhuga, þroska og getu nemenda.</i>	180	2,2%	65,2%	31,5%	1,1%	0,0%
<i>Kennarar eru stundvísir.</i>	179	2,7%	82,6%	13,6%	1,1%	0,0%
		2,5%	57,5%	37,9%	1,9%	0,2%

Afstaða kennara til allra þessara atriða er mjög jákvæð en að meðaltali eru 97% kennara sammála þessum fullyrðingum.

3.13. Einelti hjá kennurum

Á vinnustöðum hefur einelti í ýmsu formi birst í samskiptum milli einstaklinga. Í skóla eru samskipti margbreytileg og kennarar eru í margháttuðum samskiptum. Í spurningalista var spurt um það hvort kennari hefði orðið fyrir einelti innan skóla af hálfu samkennara, stjórnanda eða foreldris (Tafla 14).

Tafla 14: Einelti hjá kennurum.

	Svara	Svara ekki	Hefur oft komið fyrir	Hefur komið fyrir	Hefur ekki komið fyrir
<i>Einelti innan skóla af hálfu samkennara.</i>	181	1,6%	1,6%	9,2%	87,5%
<i>Einelti innan skóla af hálfu stjórnanda.</i>	180	2,2%	0,5%	6,5%	90,8%
<i>Einelti af hálfu foreldris.</i>	180	2,2%	0,5%	6,5%	90,8%
		2,0%	0,9%	7,4%	89,7%

Um og yfir 90% kennara segja að þeir hafi aldrei orðið fyrir einelti af hálfu samkennara, stjórnanda eða foreldri. Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir einelti segja það helst af hálfu samkennara þótt hitt virðist líka til að kennarar upplifi einelti af hálfu stjórnanda eða foreldri.

3.14. Hrós í starfi

Spurt var um hvort kennarar fengju hrós frá stjórnendum, samkennurum eða foreldrum, þegar þeim fyndist þeir eiga það skilið (Tafla 15).

Tafla 15: Hrós sem starfshvatning.

	Svara	Svara ekki	Hefur oft komið fyrir	Hefur komið fyrir	Hefur ekki komið fyrir
<i>Hrós frá stjórnendum þegar kennara finnst hann eiga það skilið.</i>	180	2,2%	23,4%	58,7%	15,8%
<i>Hrós frá samkennurum þegar kennara finnst hann eiga það skilið.</i>	180	2,2%	37,0%	54,9%	6,0%
<i>Hrós frá foreldrum þegar kennara finnst hann eiga það skilið.</i>	181	1,6%	29,9%	59,2%	9,2%
		2,0%	30,1%	57,6%	10,3%

Af niðurstöðum að ráða segjast kennarar fá hrós og algengast er að þeir fái það frá samkennurum eða foreldrum. 16% kennara segjast ekki hafa fengið hrós frá skólastjórnendum. Mun færri segjast ekki hafa fengið hrós frá foreldrum eða samkennurum. Lítil breytileiki er milli svara eftir skólum.

3.15. Líðan í starfi

Að lokum var spurt um líðan kennara í starfi. Spurt var hvort kennari hefði fundið til vanmáttar í starfi og hvort hann hafi hugleitt að skipta um starfsvettvang síðast liðið ár (Tafla 16).

Tafla 16: Líðan í starfi

	Svara	Svara ekki	Hefur oft komið fyrir	Hefur komið fyrir	Hefur ekki komið fyrir
<i>Hefur kennari fundið til vanmáttar í starfi.</i>	178	3,3%	13,0%	68,5%	15,2%
<i>Hugleiddi kennari að skipta um starf eða starfsvettvang sl. ár.</i>	176	4,3%	34,8%	41,8%	19,0%
		3,8%	23,9%	55,2%	17,1%

Langflestir þeirra sem svöruðu kváðu það hafa komið fyrir að þeir myndu til vanmáttar í starfi og um 13% kváðu það oft hafa komið fyrir en 15% aldrei. 42% sögðu að þeir hafi hugleitt að skipta um starf eða starfsvettvang á síðast liðnu ári og liðlega þriðjungur svarenda sögðu það oft hafa komið fyrir meðan einungis 19% sögðu það ekki hafa komið fyrir. Þessar niðurstöður eru býsna stöðugar, það er t.d. lítil breytileiki á svörun milli skóla.

Athugasemdir svarenda

Í spurningalista var svarendum boðið upp á að koma á framfæri athugasemdum í tengslum við spurningar er vörðuðu einelti, hrós, líðan kennara og endur- og símenntun þeirra. Jafnframt var þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir í lok spurningalista um hvað eina sem þeir vildu koma á framfæri (sjá fylgiskjal). Í 11 tilfellum voru gerðar athugasemdir við spurningalistann. Flestir kvörtuðu undan því að ekki var boðið upp á svarmöguleikana „hvorki né“ og „veit ekki“ og þá kom fram það sjónarmið að könnunin væri of löng. Einum svaranda þótti mjög óljóst hvort spurt væri út í hlutina eins og þeir væru eða eins og þeir ættu að vera. Annar svarandi taldi að umorða þyrfti spurningarnar um endur- og símenntun kennara. Þá kvartaði þriðji svarandi um að of mikið væri um alhæfingar í fullyrðingunum og tók dæmi af spurningu 16. Spurning um það hvort tekið væri á málum af festu kvað hann að þá skipti máli

hver það væri sem sinnti tilteknu máli. Gríðarlegur munur væri í hans skóla á því hver sinnti málinu hvort það er tekið föstum tókum eða ekki.

Í fjórum athugasemdum sem gerðar voru er vikið að stjórnun skólanna. Kvartað er undan því að skólastjórnendur í einum skólanna séu ósamstíga og skólastjóraskipti séu allt of tíð í tilteknum skóla en það skapi óöryggi meðal starfsmanna og örar breytingar verði í starfi og stefnu skólans og skortur sé á vinnufriði. Þá lýtur ein athugasemdin að því að ókyrrð (breytingar á dagskipan) í daglegu starfi skólans og tilskipanir sem koma frá stjórnendum eða skóladeild skapi óöryggi og vanlíðan hjá kennurum og hamli eðlilegu skólastarfi.

Breytingar grundvallast ekki lengur á álitum eða þörf kennara til að breyta. Undanfarin ca. 15 ár hafa orðið byltingarkenndar breytingar á kennsluháttum í skólastarfi af viðleitni kennara til að þjóna betur nemendum sínum. Í stað þess að fá hvatningu og hrós er þess krafist að skólastarfið sé fellt í hin og þessi kerfi sem skapa óöryggi og ólund og taka frumkvæðið af kennurum.

Í fjórða lagi er sú athugasemd gerð að oft hafi orðið trúnaðarbrestur milli skólastjórnenda (skólastjóri og aðstoðarskólastjóri) og kennara, jafnvel þannig að mál innan skólans fréttist út fyrir vegg skólans. Það hafi gerst að kennurum hefur verið sagt eitthvað sem annar kennari sagði stjórnendum í trúnaði. Viðkomandi álitur slíkt hið versta mál og erfitt við að eiga. Svarandi kveðst vilja geta treyst því að það sem hann segir stjórnendum sínum fari ekki lengra nema að leitað sé leyfis viðkomandi. En athugasemdir sem gerðar voru um stjórnunina er ekki einungis neikvæð. Einum svaranda þótti ástæða til að koma eftirfarandi skilaboðum á framfæri:


Ég er mjög ánægð með skólann minn og tel að skólastjórinn stjórni honum af mikilli fagmennsku, þó ég sé ekki endilega alltaf sammála honum! Það má auðvitað alltaf gera betur en ég held að við séum líka alltaf að reyna það.

Nokkrir kennarar gerðu athugasemdir við starfsaðstæður sínar. Þessar athugasemdir lutu að húsnaðisaðstöðu, kjörum og handleiðslu.

4. Samantekt og umræða

Könnun þessari er ætlað að svara þeirri meginspurningu *hvaða viðhorf kennarar og leiðbeinendur hafa til náms- og starfsaðstæðna í grunnskólum bæjarins?* Könnuninni er skipt niður í mismunandi efnisþætti og af niðurstöðum má ráða að viðhorf kennara er ólíkt eftir því hvaða efnisþætti spurt er um.

Að öllu samanteknu virðast kennarar hafa afar jákvætt viðhorf til náms- og starfsaðstæðna í grunnskólum bæjarins þó að jákvæðnin sé mismikil eftir því að hvaða þáttum skólstarfsins sjónum er beint. Af niðurstöðum könnunarinnar má ráða að kennarar eru almennt sammála um það að skólarnir séu góður vinnustaður, þar sé unnið faglegt og metnaðarfullt starf og nemendum búnað hagstæðar aðstæður til náms og þroska (Mynd 1).



Mynd 1: Heildarniðurstöður úr einstaka þáttum.

Almennt virðast kennarar hafa jákvæða afstöðu til atriða er vísa beint til þeirra sjálfra, s.s. skólinn sem vinnustaður, nemendur, faglegt starf, samskipti við foreldra og kennsluhættir. Í öllum þessum þáttum eru yfir 80% og allt upp í 95% kennara er svörðu spurningalistanum jákvæðir. Hins vegar þegar fullyrðingar í spurningalista vísa til þátta sem frekar eru á ábyrgð eða valdi annarra en kennara sjálfra, s.s. stjórnunar, vinnuaðstöðu, innri stuðnings og stoðþjónustu er afstaða þeirra neikvæðari. Athygli vekur að síst eru kennarar reiðubúnir til að lýsa sig sammála fullyrðingum í þættinum stoðþjónusta og í þessum þætti eru fleiri sem kjósa að svara ekki en í öðrum þáttum, telja sig væntanlega ekki þess umkomna að svara spurningunum. Ef rýnt er í þennan þátt frekar þá virðast kennarar þeirrar skoðunar að stoðþjónustan bregðist of seint við óskum þeirra um aðstoð. Tæplega helmingur kennara er þátt tóku telur sig ekki þekkja til þess hvaða þjónustu megi sækja til skólaþróunarsviðs og þá vekur athygli að aðeins þriðjungur kennara kærir sig ekki um frumkvæði frá stoðþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum, yfir 67% kennara segist sammála því að þörf sé á meira frumkvæði af hálfu stoðþjónustunnar. Í þessum þætti virðist gæta ákveðinnar þversagnar í svörum kennara. Fleiri kennarar telja sig geta lagt mat á gæði í þjónustu bæði skólateymis og Skólaþróunarsviðs en þeir sem telja sig þekkja hvaða þjónustu þau hafa að bjóða. Megin skilaboðin eru þó sú að stoðþjónustan þarf að gera sig sýnilegri og skólarnir að gera kennurum grein fyrir þeirri aðstoð sem hægt er að sækja til þessara tveggja stoðkerfa skólanna, skólateymis fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri.

Aðrir þættir sem fela í sér neikvæða afstöðu kennara til fullyrðinga í spurningalista eru innri stoðþjónusta og aðild kennara að stjórnun. Þátturinn innri stuðningur felur í sér stuðning sem kennari getur fengið frá samstarfsfólki. Það er umhugsunarvert að fjórðungur kennara telur sig ekki eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skóla þegar þeir þurfa á að halda. Þrátt fyrir það segja yfir 80% að starfsandi í skólanum sé góður, um 95% segjast vera hvetjandi í samskiptum við samstarfsmenn og svipað hlutfall segist sammála því að samstarf milli kennara sé gott og traust ríki á milli samstarfsmanna. Hins vegar segist um fimmtungur kennara ósammála því að samskipti í skólanum séu opin og hispurslaus. Hér kann að vera að kennarar vísi að einhverju leyti til samskipta við stjórnendur en meiri neikvæðni virðist gæta í samskiptum við þá en við almennt samstarfsfólk sem sýnir sig í því að afstaða kennara til þátta er varða stjórnendur er einn af þeim starfsþáttum sem fær einna mesta neikvæðni frá kennurum. Þannig segist fimmtungur kennara því ósammála að samskipti skólalastjóra og starfsmanna séu góð, aðeins 65% er sammála því að skólalastjórnendur veiti markvissa forystu, 60% eru sammála því að tekið sé af málum af festu í sínum skóla og 65% er sammála því að álitamál um stefnu og starf skólans séu rædd opinskátt.

Sjálfsgagt verða allir aldrei á eitt sáttir um þá vinnuástöðu sem þeim er boðin og ljóst af afstöðu kennara að hún er ekki yfir gagnrýni hafin. Þótt viðhorf kennara til vinnuástöðu sinnar sé almennt fremur jákvæð er ljóst að þar eru þættir sem þarfnast athugunar við. Um eða yfir þriðjungur kennara er ósammála því að húsnæði henti vel starfsemi skólanna og að vinnuástaða þeirra sé góð. Marktækur munur er á afstöðu kennara milli skóla að þessu leyti. Að einhverju leyti kann það að stafa af því að tveir skólanna hafa verið þéttsetnir og skera þeir sig úr en aðstæður þessara skóla munu breytast með tilkomu Naustaskóla (Tafla 17).

Tafla 17: Viðhorf kennara til húsnæðis og vinnuástöðu í skólum

	Húsnæði		Vinnuástaða	
	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Fullnægjandi	Ófullnægjandi
Brekkuskóli	72,7%	18,2%	72,7%	27,3%
Glerárskóli	75,0%	25,0%	58,3%	41,7%
Oddeyrarskóli	81,0%	9,5%	90,5%	9,5%
Lundarskóli	24,1%	72,4%	24,1%	75,9%
Síðuskóli	83,3%	12,5%	66,7%	25,0%
Giljaskóli	76,9%	20,5%	79,5%	20,5%
Hlíðarskóli	25,0%	62,5%	62,5%	25,0%
Hrísey	100,0%	0,0%	33,3%	66,7%


Eins og sjá má í töflunni er mest óánægja kennara í Lundarskóla með húsnæði og vinnuástöðu og þá virðast kennarar í Hlíðarskóla ekki telja að húsnæði skólans henti vel til starfseminnar. Hins vegar eru þeir ekki eins óánægðir með vinnuástöðu sína og á það við um kennara fleiri skóla, s.s. Glerárskóla, Síðuskóla og Hríseyjarskóla. Afstaða kennara til þess hvort sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla kann að markast af húsnæði skóla og vinnuástöðu kennara fremur en uppbyggingu faglegs starfs í skólunum.

Í þættinum aðstæður nemenda má sjá að almennt eru kennarar sammála þeim fullyrðingum sem þar eru settar fram. Hins vegar eru það einkum þrjár fullyrðingar sem skera sig úr að þessu leyti. Þetta eru atriði er varðar sameiginlega ábyrgð kennara gagnvart öllum nemendum, að nemendur séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans og að námsmetnaður nemenda sé mikill. Síðasta fullyrðingin er svolítið annars eðlis en aðrar spurningar í þessum þætti og því e.t.v. ekki óeðlilegt að svörun verði með nokkuð öðrum hætti. Fimmtungur kennara er ósammála því að kennarar skólans axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum. Sú niðurstaða þarf ekki að koma á óvart, miklu fremur vekur athygli hversu hátt hlutfall lýsir sig sammála fullyrðingunni en viðhorf í þessa veru hafa verið að þróast á síðustu árum og ánægjulegt hversu vel miðar í skólum á Akureyri. Nú lýsa fleiri kennarar sig sam-

mála því að kennarar axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum í sínum skóla en það gerðu í sambærilegri könnun árið 2006.

Samanburður við fyrri viðhorfskannanir


Í viðhorfskönnun meðal grunnskólakennara árið 2006 kom fram gagnrýni á gerð spurningalista og það sjónarmið var látið í ljósi að ekki væri hægt að taka þátt í könnuninni því rekja mætti svör sökum fjölda bakgrunnsbreyta sem í listanum voru. Því var ákveðið nú að fækka verulega bakgrunnsbreytum. Jafnframt var ákveðið að gefa ekki kost á svarmöguleikanum hvorki né en mjög sterk tilhneiging var meðal kennara þá að velja þann kost, jafnvel í spurningum sem vænta mátti að kennarar hefðu ákveðna skoðun á. Þessi breyting hafði það þó ekki í för með sér að fleiri kennarar svöruðu spurningalistanum en þátttaka fór úr 72,1% í 62,4%. Breyting á svarmöguleikum hefur það í för með sér að erfitt er að bera saman niðurstöður kannana árið 2006 og 2008. Þegar rýnt er í niðurstöður beggja kannananna þá virðist þrenging svarkosta hafa í för með sér að í stað þess að svara að viðkomandi sé hlutlaus þá kjósa kennarar árið 2009 að svara að þeir séu ósammála eða að svara spurningunni ekki (Mynd 2).



Mynd 2. Hlutfall þeirra sem eru ósammála fullyrðingum í einstöku þáttum 2006 og 2008.

Á mynd 2 má sjá hlutfall neikvæðra svara við fullyrðingum í einstöku þáttum spurningalista árin 2006 og 2008. Í súlum ársins 2006 hafa verið sett saman svör þeirra sem kváðust ósammála og hvorki sammála né ósammála í eina súlu en aðgreint með bláu og rauðu. Einlita bláu súlurnar eru hins vegar þeir sem voru ósammála fullyrðingunum árið 2008. Eins og sjá má af mynd 2 þá er neikvæð afstaða kennara til fullyrðinganna mun minni nú en var árið 2006. Aðeins er spurning um hvernig túlka má afstöðu kennara árið 2006 í þáttunum stjórnun, meðferð mála og vinnuaðstaða. Færri kennarar voru ósammála fullyrðingunum er settar voru fram um stjórnun skólanna árið 2006 en nú árið 2008 en hins vegar var allstór hópur árið 2006 sem kváðst hvorki vera sammála né ósammála. Ekki þarf að koma á óvart að svipað er uppi á teningnum varðandi þáttinn meðferð mála enda þættirnir náskyldir. Athygli vekur að nú lýsa mun fleiri sig ósammála fullyrðingum er vörðuðu vinnuaðstöðu kennara í skóla en árið 2006. Hins vegar kváðst þá ríflega fimmti hver kennari sig hvorki sammála né ósammála fullyrðingunum í þessum þætti. Hér er því ekki hægt að fullyrða að mikil breyting hafi orðið á, ef einhver þá frekar til jákvæðari áttar.

Ef hin hliðin er skoðuð á þessum þáttum, þ.e.a.s. hvort þeim sem voru sammála fullyrðingunum í þessum þáttum hefur fækkað verulega á milli kannana kemur eftirfarandi í ljós (Mynd 3).




Mynd 3: Hlutfall þeirra sem eru sammála fullyrðingum í einstöku þáttum 2006 og 2008.

Aðeins í þáttunum skóli sem vinnustaður og erfið mál í skólunum eru kennarar síður sammála fullyrðingunum nú en voru árið 2006. Stjórnun, innri stuðningur og kennsluhættir fá nánast alveg sama hlutfall jákvæðra svara, en mun fleiri eru nú sammála fullyrðingum um stoðþjónustuna. Að teknu tilliti til þessa verður ekki annað sagt en að í flestum þáttum virðast kennarar jákvæðari í afstöðu sinni en þeir voru árið 2006. Einkum á þetta við um aðstæður nemenda til náms og starfs í skóla, faglegt starf kennara, vinnuaðstöðu í skóla, stoðþjónustu og foreldrasamskipti.

Ef rýnt er í svörum við einstökum fullyrðingum í lista og skoðað hvort einhver meiriháttar breyting hefur orðið á afstöðu kennara milli ára 2006 og 2008 vekur athygli að 20% fleiri kennarar segjast nú sammála þeirri fullyrðingu að nemendur séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans. Tæplega 30% fleiri kennarar segjast nú sammála þeirri fullyrðingu að námsmetnaður nemenda sé mikill. 11% fleiri segjast sammála þeirri fullyrðingu að þekking kennara og reynsla sé nýtt við skipulagningu skólastarfs og 14% fleiri segjast sammála því að kennarar beiti fjölbreyttum kennsluáferðum. 15% fleiri segjast sammála því að námsmat sé fjölbreytt og 22% fleiri segjast sammála því að kennarar í skólanum vinni með niðurstöður námsmats til umbóta í kennslu. 21% fleiri segjast sammála því nú að kennarar hafi aðgang að þeim tækjum og búnaði sem þeir þurfa að nota í kennslu og 17% fleiri segjast sammála því að bæjarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla. Yfir 20% fleiri segjast sammála því nú að sérfræðiþjónusta sem skólunum standi til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf. Jafnframt segja 17% fleiri nú að kennarar þekki hvaða þjónustu hægt er að sækja til skólateymis fjölskyldudeildar og 10% fleiri svara því sama til um Skólaþróunarsvið HA. Þá svara 31% fleiri því nú að þjónusta skólateymis sé góð og 37% fleiri svara því sama um skólaþróunarsvið. Hér verður enn að hafa þann fyrirvara á að svarkosturinn hvorki sammála né ósammála var í boði árið 2008 sem sýnir á einhvern hátt þennan samanburð þó að hann gefi einhverjar vísbendingar.

Í spurningum er vörðuðu einelti, hrós og líðan kennara voru svarkostir aðrir. Leitað var eftir því hvort það sem spurt var um hefði aldrei komið fyrir, hvort það hefði komið fyrir

eða hvort það hefði oft komið fyrir. Þegar niðurstöður eru bornar saman milli ára má sjá að ákveðnar breytingar eru á afstöðu kennara (Mynd 4).



Mynd 4: Afstaða kennara varðandi einelti, hrós og eigin líðan árin 2006 og 2008

Þó að af niðurstöðum megi ráða að kennarar upplifa almennt ekki einelti í starfi sér þess stað og frekar virðast kennarar upplifa nú að verða fyrir einelti en þeir gerðu árið 2006. Eitt tilvik er einu of margt og því þurfa kennarar og skólustjórnendur að vera vakandi fyrir þessu og hafa uppi áætlanir ef slíkt á sér stað. Opna þarf umræðuna í skólunum og gera áætlanir um farvegi ef kennarar upplifa að þeir verði fyrir einelti. Mun færri segja nú árið 2008 að þeir hafi oft fengið hrós en það sögðu árið 2006. Á sama hátt eru nokkrar breytingar á þætti sem hér er nefnt líðan kennara. Það sem hér skiptir mestu máli er að mun fleiri svara því nú að að hafa oft hugleitt að skipta um starf eða starfsvettvang s.l. ár. Þetta kann að skýrast af því að á þenslutíma í samfélaginu hefur samanburður á launakjörum við aðra verið kennurum óhagstæður og auðvelt að leita vinnu annars staðar. Spurning er nú þegar kreppir að hvort afstaða kennara hefur breyst að þessu leyti.

5. Lokaorð

Þátttaka kennara í könnun þessari veldur vonbrigðum. Aðeins um 60% kennara taka þátt og er það nokkru lakara en þátttaka í könnuninni árið 2006. Umhugsunarvert er hvers vegna kennarar sinna því ekki að svara spurningalistanum. Ætla má að upplýsingar af því tagi sem fá má út úr könnuninni geti orðið skólunum til gagns í stöðugu umbótastarfi þeirra. Vera kann að kynning á könnuninni hafi misfarist að einhverju leyti og er ástæða til að endurskoða framkvæmdina næst þegar slík könnun verður gerð í skólunum. Huga þarf að því að afmarka tímann betur sem könnunin liggur fyrir á vefnum og hafa uppi stífari áróður í skólunum fyrir því að kennarar svari listanum. Þá mætti líka velta fyrir sér hvort skapa mætti eitthvert eignarhald kennara sjálfra á könnuninni t.d. með því að eiga fund með þeim um spurningalistan og gefa þeim kost á að hafa skoðun á honum og koma athugasemdum sínum á framfæri og jafnvel bjóða kennurum í hverjum skóla að setja inn spurningar sem þeim finnst mikilvægt fyrir sinn skóla að fá svör við.